



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing UMHV3CA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

<b>Búið til – útg.</b>	23.02.202 – útg. 1
<b>Námsgrein</b>	Umhverfisfræði
<b>Titill</b>	Auðlindir Íslands
<b>Skammstöfun</b>	UMHV3CA05
<b>Viðfangsefni</b>	Auðlindir Íslands
<b>Staða áfanga</b>	Samþykktur af skóla
<b>Prep áfanga</b>	3
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Í áfanganum er fjallað um náttúruauðlindir Íslands. Fjallað er um náttúruauð, alla þætti náttúrunnar sem nýtast mannum, s.s. jörð, lífríki, vatn, loft og sólarljós.</p> <p>Lögð verður áhersla á að nemendur skoði hvernig íslenskt samfélag og efnahagslíf byggir að verulegu leyti á náttúruauðlindum landsins, sem eru afar fjölbreytar að gerð.</p> <p>Nemendur kynna sér mikilvægi þess að góð þekking sé á stöðu og eðli þeirra á hverjum tíma.</p> <p>Stjórnun og nýting náttúruauðlinda er skoðuð.</p> <p>Nemendur skoða hvernig stjórnvöld hafa lögfest ýmis lagaákvæði sem er ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra auk þess að starfrækja stofnanir sem hafa það meginhlutverk að afla þekkingar á stöðu náttúruauðlinda landsins hverju sinni og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi ráðstöfun þeirra.</p> <p>Nemendur kynna sér og vinna með málefni, sem eru efst á baugi hverju sinni, er varða auðlindir Íslands. Unnið er með málefni á gagnrýnni hátt og nemendur velta fyrir sér ólíkum sjónarmiðum.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	UMHV2BA05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>náttúruauð Íslands, jörð, lífríki, vatn, loft og sólarljós</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing UMHV3CA05</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>tengslum milli íslensks samfélags og efnahagslífs við náttúruauðlindir Íslands</li> <li>rannsóknunum og athugunum á náttúruauðlindum</li> <li>stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda</li> <li>ráðuneytum og stofnanunum sem fjalla um náttúruauðlindir</li> <li>málefnum líðandi stundar er varða auðlindir Íslands</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>greina hvaða náttúruauðlindir er að finna á ólíkum svæðum á Íslandi</li> <li>afla sér upplýsinga um markaðsverð náttúruauðlinda og geta greint hvað orsakar verðsveiflur</li> <li>afla heimilda og nýta sér rannsóknir sem hafa verið gerðar á náttúruauðlindum</li> <li>beita gagnrýnni hugsun á stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda</li> <li>greina hlutverk ólíkra stofnana sem fjalla um náttúruauðlindir</li> <li>fylgjast með málefnum líðandi stundar er varða auðlindir Íslands</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>útskýra dreifingu náttúruauðlinda á Íslandi</li> <li>fjalla um tengsl milli nýtingu náttúruauðlinda og íslensk samfélags- og efnahagslífs</li> <li>afla sér frekari þekkingar á náttúruauðlindum</li> <li>útskýra auðlindastjórnun og nýtingu auðlinda á Íslandi</li> <li>þekkja þá þjónustu sem ráðuneyti og stofnananir sem fjalla um náttúruauðlindir hafa upp á að bjóða</li> <li>greina samhengi málefna líðandi stunda er verða auðlindir Íslands</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Símat